

## AUGLÝSING

### um fjárfestingarsamning milli ríkisstjórnar Íslands og United Silicon hf.

Hinn 9. apríl 2014 var undirritaður fjárfestingarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og United Silicon hf. um byggingu og rekstur kísilvers á Reykjanesi.

Samkvæmt 5. mgr. 14. gr. laga nr. 41/2015, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, og 10. gr. framangreinds fjárfestingarsamnings, skal samningurinn birtur í heild sinni í B-deild Stjórnartíðinda og er hann fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. nóvember 2015.*

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

**Ingvi Már Pálsson.**

*Dórður Reynisson.*

#### Fylgiskjal.

FJÁRFESTINGARSAMNINGUR

INVESTMENT AGREEMENT

MILLI

BETWEEN

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS

THE GOVERNMENT OF ICELAND

OG

AND

UNITED SILICON HF.

UNITED SILICON HF

Fjárfestingarsamningur þessi er gerður hinn 9. apríl 2014 („fjárfestingarsamningurinn“ eða „samningurinn“), af hálfu og á milli:

This Investment Agreement is made on April 9<sup>th</sup> 2014 (the “Investment Agreement” or the “Agreement”) by and between:

Ríkisstjórnar Íslands (hér eftir „ríkisstjórnin“), sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra kemur fram fyrir, með aðsetur að Skúlagötu 4, 150 Reykjavík, og

The Government of Iceland (hereinafter referred to as the “Government”) represented by the Minister of Industry and Commerce, with offices at Skúlagötu 4, 150 Reykjavik, and

United Silicon hf., sem er hlutfélag, rekið samkvæmt íslenskum lögum, kt. 660214-1190, verður með skráð aðsetur að Flugvallarbraut 752, 235 Reykjanesbær (hér eftir „félagið“)

United Silicon hf, a limited liability company organized and operated under the laws of Iceland, reg. no. 660214-1190, with registered address at Flugvallarbraut 752, 235 Reykjanesbær (hereinafter referred to as the “Company”)

Sameiginlega eru framangreindir einnig nefndir „aðilar“ og hvor í sínu lagi „aðili“.

Collectively, the above may also be referred to hereinafter as the “Parties” and individually as a “Party”.

Ríkisstjórnin og félagið hafa komist að grundvallar-samkomulagi varðandi framkvæmd verkefnis um kísilver í Helguvík („verkefnið“) eftir því sem reglur um ríkisaðstoð heimila.

With this principal agreement between the Government and the Company on the implementation of the project, silicon plant in Helguvik (“the Project”), based on rules and obligations under the agreements on the EEA on state aid, allow.

Ríkisstjórnin hefur einsett sér að auka nýfjárfestingar sem stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi á Íslandi og jákvæðum efnahagslegum áhrifum á byggðaðróun og þjódarþúið í heild sinni.

The Government is committed to increase new investments which promote diverse job environment in Iceland and positive economic impact on regional development and the national economy in general.

Ríkisstjórnin vill styðja við og greiða fyrir því að verkefnið sem hlutafélagið United Silicon hf. hyggst fara af stað með verði að veruleika þar sem niðurstöður sýna eftir tilhlýðilega könnun á hagkvæmni verkefnisins við núverandi og fyrirjáanlegar efnahagsaðstæður að það geti haft jákvæð samfélags- og efnahagsleg áhrif fyrir þjóðarbúið og þá sérstaklega Reykjanesbæ og nærsveitarfélög. Aðilum er því orðið ljóst að til þess að tryggja að verkefnið verði að veruleika sé nauðsynlegt að þeir geri með sér fjárfestingarsamning þennan með það fyrir augum að leggja þann samningsgrunn sem nauðsynlegur er til þess að hrinda verkefninu í framkvæmd.

Samþykking þvi aðilar hér með að inngangsorðin að fjárfestingarsamningi þessum sé óaðskiljanlegur hluti hans og gera ennfremur með sér eftirfarandi samning:

1. gr.

*Uppbygging, tilgangur og undanþágur.*

- 1.1. Félagið sem mun eiga og reka kísilver á Íslandi hefur verið stofnað í samræmi við íslensk lög, sbr. lög nr. 2/1995, um hlutafélög.
- 1.2. Tilgangur félagsins er að byggja og reka kísilver í Helguvík á Reykjanesi en framleiðslan er 21.000 tonn af kísil og 7.500 tonn af kísilryki.
- 1.3. Allur tækjabúnaður verður nýr eða nýlegur og félagið stefnir að því að hefja starfsemi sem fyrst og skapa atvinnu á svæðinu.
- 1.4. Félagið skal undanþegið ákvæðum 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, þar sem krafist er að 4/5 hlutar hlutafjár í hlutafélagi skuli vera eign íslenskra ríkisborgara, að íslenskir ríkisborgarar skuli fara með meirihluta atkvæða á hluthafafundi og að stjórnendur allir skuli vera íslenskir ríkisborgarar.
- 1.5. Félagið skal undanþegið ákvæðum 2. mgr. 66. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, þar sem þess er krafist að meirihluti stjórnarmanna og framkvæmdastjóri hlutafélags skuli vera búsettir á Íslandi, svo og sambærilegum ákvæðum er kunna síðar að verða leidd í lög.
- 1.6. Ríkisstjórnin mun tryggja að félagið njóti þeirra réttinda og ávinnings sem leiða af fjárfestingarsamningi þessum og að engar ráðstafanir verði gerðar sem kynnu að takmarka eða hafa önnur neikvæð áhrif á framkvæmd verkefnisins og starfsemi félagsins eða með öðrum hætti hindra að félagið njóti þeirra réttinda og ávinnings sem leiða af fjárfestingarsamningi þessum.

The Government will promote and facilitate the establishment of the Project which the Company plans to implement will be realized as results show after due examination of the feasibility of the Project with current and foreseeable economic conditions could have a positive social and economic impact for the economy and especially Reykjanesbaer and neighboring communities. The Parties agree that in order to ensure that the Project will be realized, it is necessary to enter into this Agreement with the view to provide the foundation necessary to realize the Project.

The Parties hereby agree that the introduction to this Agreement form an integral part of the Agreement and do further agree as follows:

Article 1

*Structure, Purpose and Exemptions.*

- 1.1. The Company which shall own and operate the Silicon Plant in Iceland, in accordance with Icelandic law as further provided in Act No. 2/1995 on limited liability companies.
- 1.2. The purpose of the Company is to build and operate a Silicon Plant in Helguvík, Reykjanes and produce 21.000 ton silicon and 7.500 ton micro-silica each year.
- 1.3. All plant-equipment will be new or recent and the Company intends to start operation as soon as possible and create employment in the region.
- 1.4. The Company shall be exempted from provisions of paragraph 1, sub-paragraph 4 of Article 1 of the Act No. 19/1966 on the Right to Own and Utilize Real Estate requiring that four-fifths of the share capital of a limited company be owned by Icelandic citizens and that Icelandic citizens control the majority of votes at shareholders' meetings and that all directors be Icelandic citizens.
- 1.5. The Company shall be exempted from the provisions of subparagraph 2 of Article 66 of Act No. 2/1995 on limited liability companies requiring that the majority of board members and the managing director of a limited liability company shall have residence in Iceland, and any similar provisions subsequently adopted.
- 1.6. The Government will ensure that the Company enjoy the rights and benefits conferred under this Investment Agreement and that no undertaking will be made that would restrict or otherwise adversely affect the implementation of the Project and the operations of the the Company or otherwise obstruct the rights and benefits provided under this Agreement to the Company.

## 2. gr.

*Framsal eignarhluta.*

- 2.1. Samþykki ríkisstjórnarinnar er áskilið fyrir framsali eignarhluta í félaginu þar til og eftir að starfsemi er hafin af hálfu kísilversins. Ekki skal synja um eða draga slíkt leyfi með ósanngjörnum hætti og ekki þarf slíkt leyfi þegar um er að ræða:
- framsal minnihlutaeignar, sem ekki er umfram 49% í heild, til félags eða félaga sem skráð eru í ríkjum innan OECD, eða
  - veðsetningu allra eða einhverra slíkra hluta til tryggingar láni sem veitt er félaginu eða dótturfélögum þess og/eða félaginu til að auðvelda þeim að framkvæma verkefnið, eða sölu slíkra hluta við fullnustu samkvæmt slíkri veðsetningu til fyrirtækis/fyrirtækja í ríki innan OECD.
- 2.2. Við framsal hlutdeildar í félaginu skal framsalshafinn verða aðili að samningi þessum á grundvelli útgáfunnar eða framsalsins, og skal hann staðfesta það berum orðum með því að undirrita og afhenda ríkisstjórninni skriflega yfirlýsingu á því formi sem ríkisstjórnin getur fallist á þar sem aðilinn, sem fékk eignarhlutann framseldan, samþykkir alla skilmála og ákvæði samnings þessa og skuldbindur sig til að hlíta þeim í einu og öllu.

## 3. gr.

*Starfsemi.*

- 3.1. Félagið stefnir að því að hefja framleiðslu á árinu 2016 og að fullum afköstum í starfseminni verði náð á árinu 2017.
- 3.2. Reynist nauðsynlegt fyrir félagið að fá frá ríkisstjórninni samþykki eða leyfi, sem ekki hafa fengist eða ekki er þörf á þann dag sem samningur þessi er undirritaður, skal ríkisstjórnin gera það sem í hennar valdi stendur til þess að aðstoða félagið við að öðlast slíkt samþykki eða leyfi í samræmi við landslög.

## 4. gr.

*Meginreglur og framkvæmd skattlagningar.*

- 4.1. Félagið skal greiða skatta og önnur opinber gjöld, sem almennt eru lögð á á Íslandi, í samræmi við reglur sem gilda um slík gjöld hverju sinni, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.
- 4.2. Almenn ákvæði íslenskra laga um tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á, sem í gildi eru hverju sinni og varða skattframtöl og framtalsfrest, álagningu, endurskoðun, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu, sem og aðrar uppgjorsreglur varð-

## Article 2

*Transfer of Shares.*

- 2.1. The consent of the Government is required for transfer of shares of the Company until or following commencement of production by the Plant. Such consent shall not be unreasonably withheld or delayed and shall not be required in the case of:
- a transfer of minority ownership interests, not exceeding 49% in total, to company(ies) incorporated in an OECD-country, or
  - a pledge of all or any of such shares to secure any loan made to the Company or its affiliates and/or the Company to assist it in implementing the Project, or any sale of any such shares pursuant to such pledge to any company(ies) incorporated in an OECD-country.
- 2.2. In the event of transfer of the shares in the Company, the transferee shall become a party to this Agreement on the basis of the issuance or transfer, and shall confirm this explicitly by sign and deliver to the Government a written statement in a form that the Government can accept where the beneficiary agrees to all terms and conditions of this Agreement and agrees to be bound by the Agreement.

## Article 3

*Operations.*

- 3.1. The Company aims to commence production in the year 2016 and have reached full production capacity in the year 2017.
- 3.2. If it shall become necessary for the Company to obtain from the Government any further consent or license, not yet obtained or required at the date of signing of this Agreement, the Government shall use its best efforts to assist the Company to obtain such further consent or license, in accordance with national legislation.

## Article 4

*Principles and Procedure of Taxation.*

- 4.1. The Company shall be subject to taxes and other public charges generally levied in Iceland, according to the rules applicable to such charges under the law from time to time, except as otherwise provided in this Agreement.
- 4.2. General provisions of Icelandic income tax, value added tax and municipal tax legislation prevailing from time to time relating to tax returns and their due dates, assessment, reviews, reassessment, collection, due dates and payment and other settlement procedures

andi tekjuskatt, virðisaukaskatt og útsvar, svo og um andmæli og deilur í tengslum við þau, skulu gilda um félagið, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.

## 5. gr.

*Skattar og opinber gjöld.*

- 5.1. Þrátt fyrir ákvæði í lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, og breytingar sem síðar kunna að verða á þeim lögum skal félagið:
  - a. Greiða 15% tekjuskatt.
  - b. Fastafjármunir sem tengjast félaginu teljast vera byggingar, vélar og almennir rekstrarfjármunir með föstu hlutfalli, sem skulu flokkaðir skv. 37. og 38. gr. laga nr. 90/2003. Fyrning skal ákvörðuð með þeim hætti sem kveðið er á um í grein 5.5 í samningi þessum.
- 5.2. Almenn tryggingagjald, sem félagið greiðir, skal vera 50% lægra en það sem kveðið er á um í lögum um tryggingagjald eins og þau eru og verða á samningstímanum.
- 5.3. Hlutfall fasteignaskatts, sem félagið greiðir, skal vera 50% lægra en áskilið hámarkshlutfall skv. II. kafla laga nr. 4/1995. Sama regla skal gilda við breytingar sem síðar kunna að verða á þeim lögum.
- 5.4. Gjaldhlutfall gatnagerðargjalds, sem félagið greiðir, skal vera 30% lægra en samkvæmt almennri gjaldskrá Reykjanesbæjar.
- 5.5. Á því ári sem nýjar eignir eru teknar í notkun, getur félagið valið að fyrna þær eignir með hlutfalli árlegrar fyrningar í stað heils árs fyrningar eins og annars er kveðið á um í 34. gr. laga nr. 90/2003. Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 90/2003 er félaginu heimilt að fyrna eignir sínar þannig að ekki standi eftir niðurlagsverð.
- 5.6. Ákvæði þessarar greinar skulu halda fullu gildi í 10 ár frá þeim tíma sem til viðkomandi skattskyldu eða gjaldskyldu er stofnað af hálfu félagsins, en þó aldrei lengur en í 13 ár frá gildistöku samningsins, þrátt fyrir síðari breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, eða öðrum lögum sem annars kynnu að takmarka eða draga úr áhrifunum sem stefnt er að með ákvæðum greinarinnar.
- 5.7. Ekki skal leggja á ný gjöld eða skatta sem varða rafmagnskaup og/eða raforkunotkun félagsins, nema slík gjöld eða skattar séu almennt lagðir á önnur félög á Íslandi.

of income tax, value added tax and municipal tax and to protests and disputes arising in connection thereof, shall apply to the Company, except as provided in this Agreement.

## Article 5

*Incentives on taxes and fees.*

- 5.1. Notwithstanding the provisions of law no. 90/2003 on income tax, and subsequent changes to such laws the company shall:
  - a. Pay an income tax at the rate of 15%
  - b. Fixed assets relating to the Company shall be considered to consist of buildings, machinery and equipment in fixed proportions, which shall be classified according to Articles 37 and 38 of Act No. 90/2003. Depreciation shall be determined as provided for in Section 5.5 of this Agreement.
- 5.2. General social security charge, that the Company pays, shall be 50% lower than what is stipulated in the laws on social security charge for the term of this Agreement.
- 5.3. The tax rate of property tax for the Company shall be 50% lower than the stipulated maximum rate according to Chapter II of the Act No. 4/1995. The same shall apply to all subsequent changes to the law.
- 5.4. The percentage the municipality tax of street connection shall be 30% lower than what is stipulated in general terms of Reykjanesbær.
- 5.5. In the year when new assets are taken into operation, the Company can elect to depreciate those assets with a proportional factor of the annual depreciation instead of full years depreciation as otherwise provided for in Article 34 of Act No. 90/2003. In spite of the provision of Article 42 of Act No. 90/2003 the Company is allowed to depreciate its assets down to no residual value.
- 5.6. The incentives, exemptions, derogations and other stipulations of this article shall remain in full force and effect for 10 years from the day the relevant taxable obligation or charge obligation is activated by the Company, however never more than 13 years from date of signature of this Agreement, notwithstanding eventual changes of Act No. 90/2003, on Income Tax, Act No. 4/1995 on Revenues of Municipalities and Act No. 113/1990, on Social Security Tax or any other law or secondary legislation which might otherwise limit or reduce the effect intended by the provisions of this article.
- 5.7. Any new/further taxes or duties relating to power purchase and / or use of power by the Company shall not be imposed during the contract period, unless such charges or taxes are generally levied on other companies in Iceland.

5.8. Ekki skal leggja á skatta eða gjöld sem varða útblástur eða mengun, eða losun lofitegunda eða urðun úrgangs, nema slík gjöld eða skattar séu almennt lagðir á önnur félög á Íslandi.

5.8. Taxes, duties or charges on the release of gas or other disposal of waste shall not be imposed during this Agreement, unless such charges or taxes are generally levied on other companies in Iceland.

6. gr.

*Aðflutningsgjöld.*

6.1. Innflutningur eða innkaup innanlands af hálfu eða fyrir hönd félagsins á byggingarefnum, hráefnum og öllum öðrum framleiðsluaðföngum, sem nauðsynleg eru til reksturs verksmiðjunnar, vélum og búnaði og öðrum framleiðslutækjum og varahlutum í verksmiðjuna og til reksturs hennar, skulu undanþegin aðflutningsgjöldum skv. tollalögum nr. 88/2005, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, svo og hvers kyns efnislega svipuðum sköttum og gjöldum sem kynnu að verða lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir slík gjöld.

6.2. Félaginu verður veittur frestur til greiðslu á virðisaukaskatti á innflutning (tollkrít) skv. lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, fram að gjalddaga fyrir endurgreiðslu vegna viðkomandi uppgjörstímabils.

6.3. Ákvæði þessarar greinar skulu halda fullu gildi í 10 ár frá þeim tíma sem til viðkomandi skattskyldu eða gjaldskyldu er stofnað af hálfu félagsins, en þó aldrei lengur en í 13 ár frá gildistöku samningsins þrátt fyrir síðari breytingar á tollalögum nr. 88/2005 eða lögum nr. 97/1987, um vörugjald, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, eða öðrum lögum eða afleiddum lögum sem annars kynnu að takmarka eða draga úr áhrifunum sem stefnt er að með ákvæðum 1. og 2. mgr.

7. gr.

*Hámark ríkisaðstoðar.*

7.1. Hámark styrkhæfrar ríkisaðstoðar samkvæmt ákvæðum 5. og 6. gr. samnings þessa skal vera 484,8 milljónir íslenskra króna að núvirði.

Article 6

*Import Duties.*

6.1. The importation or domestic purchase by or on behalf of the Company of construction materials, raw materials and all other production supplies which are required for the operation of the Plant, machinery and equipment and other capital goods and spare parts for the building of the Plant and the operation thereof, shall be exempt from customs and duties pursuant to Act No 88/2005 on Customs and excise duties pursuant to Act No 97/1987 on Excise Duties, as well as any identical or substantially similar taxes or duties which might subsequently be imposed in addition to, or in place of, such duties.

6.2. The Company shall be granted deferral of VAT (custom credit) on imports, according to Act no. 50/1988 on Value Added Tax, until the due date of reimbursement for the relevant tax period.

6.3. The concessions, exemptions, derogations and other stipulations of Article 6.1 shall remain in full force and effect for 10 years from the day the relevant taxable obligation or charge obligation is activated by the Company, however never more than 13 years from date of signature of this Agreement, notwithstanding eventual changes of Act No. 88/2005, on Customs or Act No. 97/1987, on Excise Duties Act No. 50/1988 on Value Added Tax or any other law or secondary legislation which might otherwise limit or reduce the effect intended by the provisions of Article 6.1 and 6.2.

Article 7

*Maximum state aid.*

7.1. Maximum available State aid pursuant to Articles 5 and 6 of this Agreement shall be 484.8 million ISK NPV.

8. gr.

*Reikningsskilareglur.*

8.1. Ársreikningar félagsins skulu gerðir og þeim skilað til ársreikningaskrár í samræmi við lög um ársreikninga.

8.2. Óski félagið eftir að starfrækslugjaldmiðill félagsins sé í erlendri mynt skal sótt um það til ársreikningaskrár.

Article 8

*Principles of Accounting.*

8.1. The annual financial statements of the Company shall be established on the basis of accounting principles issued by national legislation.

8.2. Should the Company wish to record all its transactions and issue its financial statements in foreign currency, such action shall be applied for in accordance with national legislation.

## 9. gr.

*Endurskoðun skattafyrirkomulags.*

- 9.1. Á samningstímanum er félaginu heimilt að velja þann kost að lúta almennum íslenskum skattalögum, sem í gildi eru hverju sinni. Beiðni um slíka breytingu má leggja fram með skriflegri tilkynningu eigi síðar en 1. júní þess almanaksárs sem fer á undan því almanaksári sem breytingin á að taka gildi. Berist slík tilkynning skulu aðilar þegar ganga til samninga um breytinguna yfir í hið almenna skattkerfi skv. tilvitnuðum lögum. Aðilar skulu koma sér saman um aðferðir við framkvæmd slíkrar breytingar. Eftir það skal félagið lúta almennum skattalögum það sem eftir er af gildistíma samningsins.

## 10. gr.

*Birting samningsins.*

- 10.1. Samningur þessi skal birtur í heild sinni í B-deild Stjórnartíðinda á Íslandi strax eftir undirritun hans af hálfu aðila. Birting samningsins skal ekki vera skilyrði fyrir gildistöku hans. Framangreint skal eiga við á sama hátt um hvers kyns breytingar á samningi þessum sem aðilar kunna síðar að gera á samningnum í samræmi við ákvæði hans.

## 11. gr.

*Fyrirheit ríkisstjórnarinnar.*

- 11.1. Ríkisstjórnin mun gera allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja að félagið njóti allra þeirra réttinda og ávinnings sem leiða af samningi þessum og að engar ráðstafanir verði gerðar sem kynnu að takmarka eða hafa önnur neikvæð áhrif á framkvæmd verkefnisins og starfsemi félagsins í tengslum við verkefnið að öðru leyti.

## 12. gr.

*Lög sem gilda og deilumál.*

- 12.1. Um samning þennan og túlkun hans gilda íslensk lög.

## 13. gr.

*Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið.*

- 13.1. Tilgangur félagsins er að framleiða vöru sem fellur innan vörusviðs EES-samningsins sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993. Í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins að EES-rétti taka ríkisstyrkjareglur EES-samningsins til starfseminnar. Þar af leiðandi verður ákvörðun um fjárfestinguna ekki tekinn fyrir en sú ríkisaðstoð sem í samningi þessum felst hefur verið tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA og stofnunin hefur fallist á að ríkisaðstoðin samrýmist EES-samningnum.

## Article 9

*Review of Tax Arrangements.*

- 9.1. During the Contract Period the Company may elect to be subject to general Icelandic tax laws as existing from time to time. A request for such a transition shall be made by way of written notice submitted not later than June 1 of the calendar year next prior to the calendar year when such a transition is to take effect. If such notice is given, the Parties shall promptly enter into negotiations on the transition to the general tax system according to the cited laws. The Parties shall agree on the transition procedures to accomplish such changeover. Thereafter, the Company shall be subject to these tax laws for the remaining term of this Agreement.

## Article 10

*Publication of this Investment Agreement.*

- 10.1. This Agreement shall be published in its entirety in the B-Section of the legal gazette in Iceland forthwith subsequent to its signing by the Parties. Publication of this Agreement shall not be a condition for entry into force. The foregoing shall apply in the same way on any changes to this Agreement, the parties may subsequently be made to the Agreement in accordance with its terms.

## Article 11

*Assurances by the Government.*

- 11.1. The Government will take all steps necessary to ensure that the Company enjoy all the rights and benefits conferred under this Agreement and that no undertaking will be made that would restrict or otherwise adversely affect the implementation of the Project and the operations of the Company in relation to the Project or otherwise.

## Article 12

*Governing Law and Disputes.*

- 12.1. This Agreement shall be governed by and construed in accordance with the law of the Republic of Iceland.

## Article 13

*Agreement on the European Economic Area.*

- 13.1. Object of the Company is to produce products that fall within the EEA agreement, cf. law of the European Economic Area, no. 2/1993. In accordance with the obligations of the Republic of Iceland to EEA, on laws on state aid according this Agreement is to be according to EEA Agreements. Consequently, a decision to invest not taken until the state aid implied in this Agreement has been reviewed by EFTA Surveillance Authority (ESA) and ESA has concluded that State Aid is in compliance with the EEA Agreement.

## 14. gr.

*Óviðráðanleg öfl (force majeure).*

- 14.1. Í samningi þessum eru óviðráðanleg öfl hér með skilgreind á þann veg að þau taki til ófriðar, hersetu, uppreisna, fjöldauppnáms, skemmdarverka, geislavirkni, farsóttá, sprenginga, eldsvoða, jarðskjálfta, eldgosa, storma, flóða, mikillar ísingar, þurrka, eldinga, sóttkvía, flutningsbanna, almennrar stöðvunar á flutningum eða siglingum, eða hvers kyns ámóta tilvika, sem ekki er unnt að koma í veg fyrir eða hafa stjórn á með eðlilegum ráðum af hálfu þess aðila sem fyrir verður. Óviðráðanleg öfl skulu einnig taka til allsherjarverkfalla, staðbundinna verkfalla, viðskiptabanna, verkfanna eða ámóta vinnu-truflana á Íslandi eða annars staðar, sem aðili sá á Íslandi, sem ber fyrir sig óviðráðanleg öfl og fyrir slíku verður, hefur ekki getað komið í veg fyrir eða haft stjórn á þótt hann hefði beitt öllum eðlilegum ráðum, sem honum voru tiltæk (þó með þeim fyrirvara að engum aðila er skylt að leysa slíkar vinnudeilur), en eingöngu um þann tíma sem aðilanum var ókleift að binda enda á ástandið með öllum raunhæfum ráðum sem honum voru tiltæk.
- 14.2. Eigi skal misbrestur eða aðgerðaleysi af hálfu aðila um að efna nokkra skuldbindingu sína samkvæmt samningi þessum teljast vanefnd á slíkri skuldbindingu ef og að því leyti, sem slíkur misbrestur eða aðgerðaleysi er af völdum óviðráðanlegra afla.
- 14.3. Sá aðili sem bera vill fyrir sig óviðráðanleg öfl samkvæmt þessari grein skal hafa sönnunarbyrði um tilvist slíkra óviðráðanlegra afla. Misbrestur eða aðgerðaleysi skal aðeins teljast vera af völdum óviðráðanlegra afla að sá aðili, sem hlut á að slíkum misbresti eða aðgerðaleysi, sanni (a) að misbrestur hans eða aðgerðaleysi sé bein afleiðing af óviðráðanlegum öflum eins og þau eru skilgreind í 1. mgr. þessarar greinar og (b) að hann hafi sýnt hæfilega aðgæslu og gripið til allra annarra ráða, sem eðlileg mega teljast, til þess að forðast slíkan misbrest eða aðgerðaleysi.
- 14.4. Sérhver aðili sammings þessa skal tafarlaust tilkynna hinum um óviðráðanleg öfl sem valda misbresti eða aðgerðaleysi um að efna eigin skuldbindingar hans samkvæmt samningi þessum. Jafnframt skal sá aðili gera allar raunhæfar ráðstafanir til að draga úr áhrifum af misbresti eða aðgerðaleysi að efna eigin skuldbindingar að fullu. Sá aðili sem ber fyrir sig óviðráðanleg öfl skal tilkynna hinum aðilanum þegar viðkomandi aðstæður af

## Article 14

*Force majeure.*

- 14.1. For the purposes of this Agreement, Force Majeure is hereby defined to mean hostilities (whether or not a state of war is declared), warlike operations, military occupation, revolution, insurrection, civil war, riot, rebellion, civil commotion, mob violence, acts of piracy, acts of sabotage, radioactivity, plague, explosion, fire, earthquake, volcanic eruption, windstorm, tidal wave, flood, severe icing conditions, drought, lightning, quarantine, embargo, general suspension of transportation or navigation, or any similar event which may not reasonably be prevented or controlled by the affected Party, and for said purposes Force Majeure shall also include general strikes, local strikes, boycotts, lock-outs or similar labour disturbances in Iceland or elsewhere effecting the Party in Iceland, so claiming the force majeure, which the Party affected could not, by taking all reasonable measures available to it, have prevented or controlled (provided, however, that no Party is under any obligation to settle any such labour disturbance), but only for such period as such Party shall remain unable to effect a termination thereof by taking all reasonable measures available to it.
- 14.2. No failure or omission by the Parties to perform any of their obligations pursuant to this Agreement shall be considered a default in the performance of such obligations if and insofar as any such failure or omission is caused by Force Majeure.
- 14.3. The Party alleging the existence of Force Majeure for the purposes of this Article shall have the burden of establishing the existence of such Force Majeure. A failure or omission shall for the purposes of this Article be considered to have been caused by Force Majeure only if the Party so failing or omitting to perform can establish (a) that the failure or omission is the direct result of Force Majeure as defined in 15.1. above, and (b) that it has exercised due care and has taken all reasonable alternative measures to avoid such failure or omission.
- 14.4. Each Party shall promptly give notice to the other Parties of Force Majeure causing any failure or omission in the performance of its own obligations under this Agreement. Such Party also shall make all reasonable efforts to mitigate the effect of its failure or omission to perform in full. The Party claiming Force Majeure shall give notice to the other Party of the cessation of the relevant event of Force Majeure and shall, take all reasonable steps

völdum óviðráðanlegra afla eru ekki lengur fyrir hendi og gera allar raunhæfar ráðstafanir, sem í hans valdi standa, til að hefjast handa um að efna að nýju skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum með sem minnstum mögulegum töfum.

15. gr.  
*Framsäl.*

- 15.1. Réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum verða ekki framseld, þeim afsalað eða falin öðrum án samþykkis gagnaðila nema slíkt sé sérstaklega heimilað í einstökum ákvæðum samningsins. Ekki skal tefja eða synja um slíkt samþykki með ósanngjörnum hætti.
- 15.2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er félaginu heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum, án samþykkis ríkisstjórnarinnar, til fjármálastofnana sem tryggingu fyrir fjármögnun er tengist verkefninu. Þetta er gert með þeim áskilnaði að verði gengið að tryggingunni skuli gerður beinn samningur milli ríkisstjórnarinnar og viðkomandi fjármálastofnana, og skal ríkisstjórnin, samþykkja framsäl réttinda og skyldna félagsins samkvæmt samningi þessum til fjármálastofnana, sem eru veðhafar, eða frekari sölu af hálfu fjármálastofnananna til aðila sem eignast hlut félagsins í verkefninu og uppfylla þau skilyrði sem almennt eru gerð til eigenda sambærilegra fjárfestingarverkefna.

16. gr.  
*Breytingar og endurskoðun.*

- 16.1. Samningi þessum má aðeins breyta með viðaukasamningi sem aðilar gera með sér skriflega.
- 16.2. Við gerð samnings þessa viðurkenna aðilar að ekki sé raunhæft að hyggjast setja fram ákvæði um hvernig bregðast skuli við öllu því sem upp getur komið á gildistíma hans. Lýsa aðilar yfir þeim ásetningi sínum að samningnum verði beitt með sanngirni í skiptum þeirra og án þess að hagsmunir hvors þeirra um sig bíði tjón af, þegar tekið er tillit til þess hvernig skipt er því hagræði og þeirri áhættu sem af honum leiðir.

17. gr.  
*Þjálfunaraðstoð.*

- 17.1. Með fyrirvara um sérstaka heimild í fjárlögum samkvæmt ákvörðun Alþingis, skal félagið eiga rétt á þjálfunaraðstoð vegna kostnaðar við þjálfun í tengslum við verkefnið, allt að 2 milljónum evra, enda veiti félagið ríkisstjórninni fullnægjandi sönnun, að sanngjörnu mati ríkisstjórnarinnar, á raun-

within its power to resume with the least possible delay the performance of its obligations under this Agreement.

Article 15  
*Assignment.*

- 15.1. The rights and obligations under this Agreement shall not be assigned, transferred or delegated by any Party without the consent of the other Parties unless explicitly allowed under the terms of this Agreement. Such consent shall not be unreasonably withheld or delayed.
- 15.2. Notwithstanding paragraph 1. of this article the Company may assign rights and obligations, without the Governments consent, to financial institutions as security for any financing relating to the Project. Subject to a direct agreement being entered into between the Government and respective financial institutions, upon enforcement of the security, the Government shall consent to the transfer of the Company rights and obligations under this Agreement to financial institutions holding such security or the further sale from such financial institutions to any person who acquires the Company interest in the Project and meets the general conditions stipulated relating to owners of similar investment projects.

Article 16  
*Amendments and Review.*

- 16.1. This Agreement may be amended solely by a supplemental agreement duly entered into in writing between the Parties.
- 16.2. In entering into this Agreement the Parties recognize that it is impractical to make provisions for every contingency which may arise during the course of this Agreement. The Parties declare it to be their intention that this Agreement shall be operated between them with fairness and without detriment to the interests of either of them, taking into account the allocation of benefits and risks ensuing from it.

Article 17  
*Training aid.*

- 17.1. Subject to a special authorization in the National Budget, as approved by the Parliament, the Company shall be entitled to a training aid, covering training cost for the Project, in the maximum amount of EUR 2 million, subject to the Company furnishing the Government with sufficient proof, in the



verulegum kostnaði vegna þjálfunar starfsmanna í tengslum við verkefnið. Veiting þjálfunaraðstoðar til verkefnisins er enn fremur háð því að uppfyllt séu skilyrði í reglum EES-réttar um þjálfunaraðstoð sem fram koma í reglugerð um almenna hópundanþágu (GBER).

- 17.2. Þar sem um er að ræða nýjan iðnað á Íslandi og verkþekking ekki til í landinu er þjálfunarstyrkur skv. fyrstu málsgrein, félaginu mjög mikilvægur. Ríkisstjórnin mun eftir fremsta megni leitast við að fá heimild í fjárlögum 2015 fyrir þjálfunaraðstoðinni, enda hefjist þjálfun starfsmanna haustið 2015.

## 18. gr.

*Tilkynningar.*

- 18.1. Hvers kyns tilkynningar, sem áskildar eru eða heimilaðar samkvæmt samningi þessum, skulu sendar bréfleiddis eða með tölvupósti með sannanlegum hætti með eftirfarandi utanáskrift:

**Til ríkisstjórnarinnar:**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Skúlagata 4  
150 Reykjavík

**Til félagsins:**

United Silicon  
Flugvallarbraut 752  
235 Reykjanesbæ  
Ísland

eða með annarri utanáskrift, tölvupóstfangi og/eða bréfsímanúmeri, sem viðkomandi aðili kann að tilkynna hinum aðilunum um með þeim hætti sem kveðið er á um hér að framan.

- 18.2. Aðili, sem rétt á til tilkynningar, sem krafist er eða heimiluð í samningi þessum, getur afsalað sér þeim rétti skriflega, hvort sem er fyrir eða eftir að hennar er krafist eða hún heimiluð.
- 18.3. Tilkynningar samkvæmt samningi þessum skulu teljast hafa verið veittar þegar tíu (10) almanaks dagar eru liðnir frá póstlagningu eða tveir (2) dagar frá sendingu með bréfasíma, enda hafi í tilvikum þegar um símbréf er að ræða í raun borist staðfesting á tilkynningunni með ábyrgðarbréfi. Tilkynning með tölvupósti telst gefin á þeim degi sem móttakandi svarar.

## 19. gr.

*Ýmis ákvæði.*

- 19.1. Fjárfestingarsamningur þessi skal undirritaður í fjórum (4) eintökum, eitt fyrir hvorn aðila á íslensku og ensku. Hvort eintak telst frum-

reasonable opinion of the Government, of actual incurred costs due to training of employees in relation to the Project. The granting of any training aid for the Project is furthermore subject to fulfilment of the conditions laid down in the general block exemption regulation (GBER)

- 17.2. As the Project constitutes a new industry in Iceland and work knowledge is non-existent in the Country the training aid of special significance to the Company. The Government will use its best efforts to provide authorization for the training aid in the National Budget for 2015 as the training of employees will start in the fall of 2015.

## Article 18

*Notices.*

- 18.1. Any notice required or permitted to be given hereunder shall be in writing dispatched by registered mail or email in a verifiable manner, addressed as follows:

**If to the Government:**

Ministry of Industry  
(Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti)  
Skúlagata 4  
150 Reykjavík

**If to the Company:**

United Silicon hf  
Flugvallarbraut 752  
235 Reykjanesbæ

or to such other address, email address and/or telefax number as the relevant Party may notify to the other Parties in accordance with the above procedure.

- 18.2. Notices required or permitted under this Agreement may be waived, in writing, by the Party entitled to receive the same either before or after the date on which notice is required or permitted to be given.
- 18.3. Notices given as herein provided shall be considered to have been given ten (10) calendar days after the mailing thereof or two (2) business days after dispatch if sent by telefax, provided that in the case of telefax the confirmation by registered mail is actually received thereafter. A notice by email shall be considered to have been given at the dated of reply by the recipient.

## Article 19

*Miscellaneous Provisions.*

- 19.1. This Investment Agreement shall be signed and delivered by the Parties in four (4) copies in English and Icelandic. Each such copy

eintak og eru þau jafngild. Komi til ágreinings skal texti íslenska samningseintaksins ráða.

- 19.2. Til tryggingar á rétttri notkun ívilnana skv. samningi þessum ber félaginu að senda atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti árlega skýrslu um framvindu fjárfestingarverkefnisins, hlut ívilnunar í framgangi þess, samtals fjárhæð veittrar ríkisaðstoðar á undanfögnu ári og tilgreiningu á annarri starfsemi aðila ef einhver er. Ráðuneytið getur óskað þess að löggiltur endurskoðandi staðfesti þær upplýsingar sem félagið sendir ráðuneytinu í þessu skyni.
- 19.3. Fella ber niður ívilnanir skv. samningi þessum og endurkrefja um þegar veitta ívilnun komi í ljós að félagið eða fjárfestar hafi visvitandi veitt rangar upplýsingar eða leynt upplýsingum sem höfðu áhrif á veitingu ívilnunarinnar. Endurkrefja ber um ívilnun ef hún hefur verið nýtt til annarra hluta en fjárfestingarverkefnis þess sem var forsenda veitingar hennar.
- 19.4. Komi í ljós að ívilnun skv. samningi þessum er komin umfram það hámark sem kveðið er á um í samningi þessum, sbr. 7. gr., lögum um fullgildingu samningsins eða í samræmi við það hámark sem heimilað er skv. ríkisstyrkja-reglum EES-samningsins skal endurkrefja félagið um þann hlut sem umfram er og stöðva veitingu frekari ívilnunar.
- 19.5. Ef ákvörðun um ívilnun er afturkölluð samkvæmt grein þessari eða í kjölfar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA um ólögmetra ríkisaðstoð skulu aðilar í sameiningu leitast við að endursejja þennan fjárfestingarsamning og nota til þess allar leyfilegar aðferðir með það að markmiði að takmarka áhrif þess á félagið.
- 19.6. Verði fjárfestingarverkefnið ekki að veruleika eða ef starfsemi félagsins verður verulega frábrugðin því fjárfestingarverkefni sem samningur þessi miðar við innan 5 ára frá gildistöku samnings þessa skal félagið endurgreiða allar þær ívilnanir og ríkisaðstoð sem félaginu hefur verið veitt á grundvelli þessa samnings.

#### 20. gr.

##### *Gildistaka og samningstími.*

- 20.1. Fjárfestingarsamningur þessi öðlast gildi þegar:
- A. Alþingi hefur, með lögum, veitt iðnaðar- og viðskiptaráðherra heimild til að fullgilda samning þennan og skal því vera lokið eins fljótt og verða má.
- B. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt samþykki sitt fyrir veitingu þeirrar ríkis-

shall constitute an authentic original of equal validity with each of the other copies. In case of a dispute the Icelandic text shall govern.

- 19.2. To ensure the proper use of the incentives provided for in this Agreement, the Company shall send to the Ministry of Industry an annual report on the progress of the investment project, the share of the incentives in its advancement, the total amount of state aid granted in the preceding year and specification of other commercial activities of the Company, if any. The Ministry may request that a certified auditor confirms the information that the Company sends to the Ministry for this purpose.
- 19.3. The incentives provided for in this Agreement shall be cancelled and granted incentives recovered if it is revealed that the Company has knowingly provided false information or concealed information which influenced the granting of the incentives. An incentive shall be recovered if it has been used for any purposes other than the Project in respect of which the incentive was granted.
- 19.4. If it is revealed that the incentives provided for in this Agreement have exceeded the levels permitted in Article 7 of this Agreement, adjusted for inflation, the excess amount shall be reclaimed from the Company and further granting of incentives shall be discontinued.
- 19.5. If a decision on an incentive is withdrawn pursuant to this Article, or following a decision by the EFTA Surveillance Authority on unlawful state aid, the Parties shall together renegotiate this Agreement and use for that task all legal measures with the objective to minimize the effects of the withdrawal on the Company.
- 19.6. Should the Project not materialize or the operation of the company vary in great from the Investment Project set forth in this Agreement in less than five years from signing date shall the Company reimburse all incentives and state aid that the Company has been granted under this Agreement.

#### Article 20

##### *Entry and contract Period.*

- 20.1. This Investment Agreement shall become effective when:
- A. the Icelandic Parliament has, by law, granted the Minister of Industry authority to ratify this Agreement and this shall be concluded as soon as practically possible.
- B. the EFTA Surveillance Authority has concluded that the State aid provided by

aðstoðar sem samningurinn kveður á um.

20.2. Fjárfestingarsamningur þessi gildir í 13 ár frá því að hann öðlast gildi skv. 1. mgr., með þeirri undantekningu að sérstök ákvæði eru um tímamörk ívilnunar vegna skatta og gjalda í 6. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 6. gr. samningsins.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hefur samningur þessi verið undirritaður fyrir hönd ríkissjóðs og félagsins þann dag sem í upphafi greinir, í tveimur eintökum.

**Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands,**

\_\_\_\_\_  
Ragnheiður Elín Árnadóttir  
iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

**Fyrir hönd stjórnar United Silicon hf.**

\_\_\_\_\_  
Doron Sanders                      Auðun Helgason

*Vottar:*

\_\_\_\_\_  
Þórður Reynisson

\_\_\_\_\_  
Árni Sigfússon

this Agreement is in accordance with the EEA Agreement.

20.2. This Agreement shall continue in force for thirteen (13) years from the date of its entry into force according to paragraph 1 of this article, with the exception of the special provisions regarding taxes and fees in Article 5.5 and Article 6.3 of this Agreement.

IN WITNESS WHEREOF, this Agreement has been signed on behalf of the Government and the Company as of the date first above written, in two copies.

**On behalf of the Government of Iceland**

\_\_\_\_\_  
Ragnheiður Elín Árnadóttir  
Minister of Industry.

**United Silicon hf.**

\_\_\_\_\_  
Doron Sanders                      Auðun Helgason

Witnesses:

\_\_\_\_\_  
Þórður Reynisson

\_\_\_\_\_  
Árni Sigfússon

VIÐAUKI  
við fjárfestingarsamning milli ríkisstjórnar Íslands og United Silicon hf.

Þann 9. apríl 2014 var undirritaður fjárfestingarsamningur á milli ríkisstjórnar Íslands og United Silicon hf.

Í 13. gr. samningsins er tekið fram að tilgangur United Silicon hf. sé að framleiða vöru, sem fellur innan vörusviðs EES-samningsins. Því verði ákvörðun um fjárfestingu ekki tekin fyrr en ríkisaðstoð, sem samningurinn felur í sér, hafi verið tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA og hún fallist á að ríkisaðstoð sem í samningnum felst samrýmist EES-samningnum.

Í B. lið gr. 20.1. í samningnum, er kveðið á um að samningurinn öðlist gildi þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt samþykki sitt fyrir þeirri ríkisaðstoð sem í samningnum felst.

Það er mat samningsaðila að fjárfestingarsamningurinn og efni hans falli undir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 21. maí 2014 um almenna hópundanþágu (GBER) sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2014 frá 27. júní 2014. Með hliðsjón af framangreindu þarfnast samningurinn og þær ívilnanir sem þar er kveðið á um ekki samþykkis Eftirlitsstofnunar EFTA.

Af framangreindri ástæðu eru samningsaðilar sammála því að fella skuli brott úr fjárfestingarsamningnum ákvæði 13. gr. og B-liðar gr. 20.1. Með undirritun viðauka þessa eru framangreind ákvæði felld brott úr fjárfestingarsamningnum.

Fjárfestingarsamningurinn skal að öðru leyti standa óbreyttur.

*Reykjavík, 5. október 2015.*

**F. h. ríkisstjórnar Íslands,**

**F. h. United Silicon hf.,**

\_\_\_\_\_  
Ragnheiður Elín Árnadóttir  
iðnaðar- og viðskiptaráðherra

\_\_\_\_\_  
Magnús Garðarsson stjórnarmaður

\_\_\_\_\_  
Auðun Helgason stjórnarmaður